

Sveitarfélagið Ölfus
Gunnlaugur Jónasson
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn

Reykjavík, 20. nóvember 2023
UST202309-310/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Mói svæði II - Sveitarfélagið Ölfus

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Ölfuss er barst 29. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu á deiliskipulagi fyrir Móa svæði II í Þorlákshöfn.

Í greinargerð kemur fram deiliskipulagið nær til 2. áfanga uppbyggingar á Móa svæðinu á reit sem í aðalskipulagi er merkt ÍB8 og VP2. Skipulagið gerir ráð fyrir uppbyggingu íbúða í rað- par- og fjölbýlishúsum auk þess sem gert er ráð fyrir verslunar og þjónustustarfsemi nyrst á svæðinu.

Útivist og samgöngur

Í greinargerð (bls. 7) er vitnað í drög að rammaskipulagi þar sem fjallað er um grænt belti miðbæjar. Umhverfisstofnun tekur undir þá áherslu á að hugað sé að útivist og sjálfbærum samgöngum gangandi og hjólandi í þéttbýlinu. Umhverfisstofnun bendir á þann möguleika að gerður verði grænn ás fyrir útivist og sjálfbærar samgöngur, umlukinn vernduðum jarðmyndunum og gróðri, sem liggur frá golfvelli og öðrum útivistarsvæðum í norðri og myndi liggja milli Ölfusbrautar og Rásarmóa, gegnum og fram hjá bæjarskrifstofunum, skrudgarði, grunnskólanum, íþróttasvæði og að útivistarsvæðinu á Hafnarnesi í suðri. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að tengingar fyrir gangandi og hjólandi séu sýndar til suðurs á uppdrætti.

Umhverfisstofnun vill einnig hvetja sveitarfélagið að hefja vinnu við gerð deiliskipulags fyrir útivistarsvæði við Hafnarnes

Hraun

Umhverfisstofnun telur jákvætt að jarðmyndanir innan þéttbýlisins, sem hafa verndargildi, séu kortlagðar og varðveittar og sú kortlagning væri svo nýtt til grundvallar ákvarðanatöku um skipulag, skilyrði landnotkunar og hönnunar.

Fráveita

Í greinargerð segir: „Ef gengið er frá fráveitu í samræmi við lög og reglugerðir þar að lútandi er ekki talin hætta á mengun.“

Samkvæmt upplýsingum Umhverfisstofnunar er engin hreinsun á fráveituvatni frá þéttbýlinu.¹ Slíkt er ekki í samræmi við kröfur laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna þar sem ábyrgð sveitarfélaga er skilgreind og kröfur um hreinsun á fráveituvatni sbr. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Vegna stórauðinnar íbúðaruppbyggingar á næstu árum verður sveitarfélagið að fjalla um hvernig fráveitumálum er og verður háttað til framtíðar og hvaða úrbætur sveitarfélagið ætlar að ráðast í.

Í lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála kemur fram að öll strandsjavarhlöt skulu vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi og góðu efnafræðilegu ástandi. Losun fráveituvatns er í strandsjavarhlötið Stokkseyri að Þorlákshöfn nr. 103- 1341-C og er vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand þess óþekkt vegna skorts á gögnum.²

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

teymisstjóri

¹ https://ust.is/library/sida/haf-og-vatn/Stoduskyrsla_fraveitumala_2020

² <https://vatnavefsja.vedur.is/#/waterbody/103-1341-C>